

1865.
15. júní.

við skiptunum á búinu fyr en 10. ágústmán. s. á., en að það hafi verið Árni Thorlacius, sem áður fyrri var settur sýslumaður í Snæfellsnessýslu, er gjörði tæðar ráðstafanir; enda má sjá á bréfi því frá stiptamtmaninum yfir Íslandi, sem þér hafið sent hingað með bréfi yðar, að hann hefir byrjað skiptin á búinu: — skal yður um þetta málefni til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að dómsmálastjórnin af ástæðum þeim, sem til eru færðar í úrskurði hennar 3. októbermán. f. á., enn sem fyr hlýtur að álíta, að Böving sýslumaður eigi að fá búið til skiptaumráða framvegis, en um skiptalaunin á að fara að í líking við ákvörðunina í 37. grein í aukatekjureglugjörðinni frá 10. septembermán. 1830, þannig, að amtið á, ef til þess kemur, að ákveða með úrskurði sínum, hversu mikið hvorum þessara tveggja skiptaráðanda beri af skiptalaununum.

16. júní.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgunarfrest á skuld jafnaðarsjóðsins.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi dags. 6. febrúarmán. þ. á. um borgun eptirstöðvanna, 1200 ríkisdala, af láni því, sem jafnaðarsjóði vesturumdæmisins var veitt samkvæmt lögum 29. desembermán. 1857, stungið uppá, að borga skuli helminginn af eptirstöðvum þessum á ári því, sem nú er að líða, og hinn helminginn fyrir lok ársins 1866.

Um leið og þess skal getið, að frestur sá með borgun eptirstöðva þessara til loka ársins 1866, sem um er rædt í bréfi stjórnarráðsins frá 4. ágústmán. f. á., hefir veittur verið í fjárhagslögnum fyrir 1865—66, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar um borgun skuldarinnar, þá er að ofan er um getið.